

og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni prestur Þórarinsson sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dæmdar skadabætur greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 45/1898:

Rjettvísín

gegn

Sigurbirni Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 15. júnímán. þ. á., var hinn ákærði dæmdur fyrir sauðapjófnað samkvæmt 231. gr., 1. lið, almennra hegningarlaga 25. júní 1869

til að sæta 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en þessum dómi er af hálfu rjettvisinnar skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum löglega sannað, að í fyrra haust (1897) kastaði hann eign sinni á sauð veturgamlan, sem annar maður átti og sem hann fann í högunum í Litla-Lambhaga, þar sem hann þá var vinnumaður, og var kindin komin saman við heimatjæð þaðan. Ætlaði ákærði að selja sauðinn á fjármarkaði, er haldinn var nokkrum dögum síðar þar í Lambhaga, og framkvæmdi hann þann ásetning sinn, en það komst þá upp, að sauðurinn, sem var með rjettu fjármarki annars manns, var stolinn, og gekk því salan aptur, en eigandinn fjekk kind sína aptur.

Brot hins ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið refsað fyrir nokkurn glæp, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr., 1. lið, almennra hegningarlaga, og með því að hegningin þykir hæfilega ákveðin í aukarjettardóminum 8 mánaða betrunarhússvinna og yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta tjeðan dóm að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Sigurbjörn Bjarnason greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirjettarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eiuars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 31/1898:

Indriði Einarsson
gegn
M. Á. Matthiesen.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í hjerði hinn stefndi M. Á. Matthiesen skósmiður gegn áfrýjandanum Indriða revisor Einarssyni til greiðslu á eptirstöðvum af skuld fyrir skófatnað og skóviðgjörðir, að upphæð 72 kr. 69 a., og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 16. júní þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda hina umstefndu skuld, 72 kr. 69 a., með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi til borgunardags og 8 kr. í málskostnað. Ennfremur skyldi og áfrýjandinn fyrir óþarfa þrætu greiða 8 kr. sekt í landssjóð.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 3. júlí þ. á., og krafizt þess, að málinu verði vísað heim til nýrrar með-